

Auðarskóli – tónlistarkennari

Við Auðarskóla er laus 70% staða tónlistarkennara við tónlistardeild skólans frá og með 1. janúar 2019.

Mikilvægt er að umsækjendur búi að færni í samskiptum, frumkvæði í starfi, sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum og góðri íslenskukunnáttu.

Umsóknir um starfið berist á netfangið hlodver@audarskoli.is. Umsókninni skal fylgja ferilskrá og ábendingar um meðmælendur.

Umsóknarfrestur er til 6. desember 2018. Upplýsingar um starfið veitir Hlöðver Ingi skólastjóri í síma 430 4757.

Sælingsdalslaug desember

Í desember verður Sælingsdalslaug opin eftirtalda daga:

laugardaginn 1. desember kl. 14-18
þriðjudaginn 4. desember kl. 15:30-20
miðvikudaginn 5. desember kl. 17-22
fimmtudaginn 6. desember kl. 15-18
laugardaginn 8. desember kl. 14-18
þriðjudaginn 11. desember kl. 15:30-20
miðvikudaginn 12. desember kl. 17-22
fimmtudaginn 13. desember kl. 18-21
laugardaginn 15. desember kl. 14-18
þriðjudaginn 18. desember kl. 15:30-20
miðvikudaginn 19. desember kl. 17-22
fimmtudaginn 20. desember kl. 18-21
laugardaginn 22. desember kl. 14-18
fimmtudaginn 27. desember kl. 18-22
laugardaginn 29. desember kl. 14-18
fimmtudaginn 3. janúar kl. 18-22

Vetrardagskrá eldri borgara og barna

Íþrótt- og tómstundadagskrá barna og ungmenna svo og dagskrá Félags eldri borgara er að finna undir mannlíf á heimasíðu Dalabyggðar. Einnig eru slóðir á síðurnar gegnum flýtleiðir á forsíðu.



DALAPÓSTURINN

15. tölublað, 11. árgangur
29. nóvember 2018

Jólatré Dalabyggðar

Eins og undanfarin ár verður jólatré Dalabyggðar komið fyrir við Auðarskóla og kveikt verður á ljósunum laugardaginn 1. desember kl. 16.

Að venju verður dansað í kringum tréð og sungin jólalög, kannski með aðstoð jólasveina. Á eftir verður boðið upp á kaffi, súkkulaði og piparkökur í Dalabúð.

Viðtalstímar sveitarstjórnarfulltrúa

Í desember verða sveitarstjórnarfulltrúarnir Eyjólfur Ingvi og Einar Jón til viðtals í stjórnarsýsluhúsinu á eftirtöldum tímum:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, mánudaginn 3. desember kl. 10:30 til 12:00.
Einar Jón Geirsson, þriðjudaginn 4. desember kl. 15:00 – 16:30.

Sögustundir í desember

Byggðasafn Dalamanna verður með sögustundir eftir hádegi á sunnudögum í desember. Sögustundirnar verða auglýstar á heimasíðu Dalabyggðar og víðar á netinu.

Fyrsta sögustundin verður í félagsheimilinu á Staðarfelli sunnudaginn 9. desember kl. 14. Þar mun Guðfinna S. Ragnarsdóttir segja frá Matthíasi Ólafssyni bónda á Orrahóli og sergeantmajor í Hjálpræðishernum og Jón Jónsson þjóðfræðingur mun kynna nýtkomna bók sína *Á mörkum mennskunnar. Viðhorf til fúruþólks í sögunum og samfélagi*.

Ábyrgðarmaður: Kristján Sturluson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur